

Flateyjarhöfn á Skjálfandaflóa

Gjaldskrá

Gildissvið

1.gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfandaflóa og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnarlaga nr. 61/2003.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda

2.gr.

Skrifstofa Þingeyjarsveitar sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

3.gr.

Fast gjald, kr. 84.150 er lagt á þá báta sem stunda farþegaflutninga til eyjarinnar s.s. skemmtiferðaskip og hvalaskoðunarbátar. Auk þess er greitt fyrir hvern farþega með farþegabátum, €1.00 á hvern fullorðinn farþega.

4.gr.

Skipstjóri eða útgerðaraðili farþegaskips skal tilkynna um fjölda farþega og bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóri skyldur að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Sorphirða/úrgangsstjórnun

5. gr.

Engin móttaka né meðhöndlun er á úrgangi í Flatey því er ekki heimilt að losa úrgang, farmleifar, olíuleifar eða nokkuð annað á eða við Flateyjarhöfn. Skipstjóri eða útgerðaraðili farþegaskips ber ábyrgð á úrgangsforvörnum, að lágmarka magn úrgangs og gæta þess að enginn úrgangur sé ekki skilinn eftir í Flatey.

Gildistaka

6. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfandaflóa er samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar á fundi hennar þann 11. desember 2025. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfandaflóa, Þingeyjarsveit nr. 1756/2024.


Gerður Sigtryggisdóttir, sveitarstjóri